

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 100/2016

2017/EES/73/35

frá 29. apríl 2016

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2119 frá 20. nóvember 2015 um að fastsetja niðurstöður um bestu, fánlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna framleiðslu á þiljum að meginhluta úr víði ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1fl (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/768/ESB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„1fm. **32015 D 2119**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2119 frá 20. nóvember 2015 um að fastsetja niðurstöður um bestu, fánlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna framleiðslu á þiljum að meginhluta úr víði (Stjútíð. ESB L 306, 24.11.2015, bls. 31).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2015/2119, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2015 frá 25. september 2015 ⁽²⁾, hvort sem ber upp síðar.*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 306, 24.11.2015, bls. 31.^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 85, 30.3.2017, bls. 53 og EES-viðbæti nr. 19 frá 30.3.2017, bls. 52.